

Bæjarvík ehf.
Strandgötu 1
465 Bildudalur

Reykjavík, 8. apríl 2020
UST202003-375/H.R.A.
08.04

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 17. mars sl. þar sem rekstraraðila var veittur frestur til 31. mars 2020 til að skila inn til stofnunarinnar uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur á þeim frávikum sem skráð voru við eftirlit stofnunarinnar í Bæjarvík, Gileyri þann 22. maí 2019. Þann 20. mars sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 2.6 og gr. 3.1 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi.** Frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það best í viðtaka og miða skal að lágmarki við eins þreps hreinsun. Engin hreinsun er á frárennsli. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður tankur C1 (1000m³) tekin í notkun sem settjörn (e. settling tank) í viku 14 ásamt því að tromlusía verður sett upp í vor í kringum viku 20, það verður gert áður en fóðrun hefst.**
2. **2. mgr. 9. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólþ.** Öllu skólþi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Frárennsli er ekki veitt nógu langt út. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður frárennsli veitt 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð með 40 metra röri. Áætluð verklok eru 31. ágúst 2020.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **34.056 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða